

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 197/2020

frá 11. desember 2020

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/917 frá 1. júlí 2020 um leyfi til að setja á markað seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):

„– **32020 R 0917**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/917 frá 1. júlí 2020 (Stjtið. ESB L 209, 2.7.2020, bls. 10).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 180. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/973):

„181. **32020 R 0917**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/917 frá 1. júlí 2020 um leyfi til að setja á markað seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 209, 2.7.2020, bls. 10.

A. Froehner sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 209, 2.7.2020, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2020/917, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.